

## **Viðmiðunarreglur fyrir heimaþjónustu við fjölbura fjölskyldur Grundarfirði, Helgafellssveit, Snæfellsbæ og Stykkishólmi**

Fjölskyldur eiga rétt á heimaþjónustu í kjölfar fjölbura fæðingar sem hér segir:

- Tvíbura fjölskyldum skal veita þjónustu í fjórar til sex klukkustundir á viku í þrjá mánuði.
- Þrjúbura fjölskyldum skal veita þjónustu í fjórar til átta klukkustundir á viku í þrjá mánuði. Síðan minnkandi eftir aðstæðum í aðra þrjá mánuði.

Réttur til þjónustu gildir fyrsta árið frá fæðingu barnanna.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglna um heimaþjónustu á svæðinu. Gjald fyrir veitta þjónustu fer eftir gildandi gjaldskrá um heimaþjónustu.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi félagsmálanefndar Snæfellinga, 9. febrúar 2006, í bæjarstjórn Snæfellsbæjar 2. mars 2006, í bæjarstjórn Stykkishólms 16. mars 2006, í bæjarstjórn Grundarfjarðar 9. mars 2006.